„Ég byrjaði að teikna áður en ég lærði að draga til stafs"


NESTOR íslenzkra listmálara, Eyjólfur Eyfells, opnar í dag málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Er hér um að ræða yfirlitssýningu á verkum hans og er hún haldin í tilefni þess að listamaðurinn varð 89 ára 6. þessa mánaðar. Eru það afkomendur Eyjólfs sem að sýningunni standa. Á henni eru 125 verk, hið elzta málað 1908. Myndirnar eru allar í einkaeign og er sýningin ekki sölusýning.

Við brugðum okkur að Kjarvalsstöðum í gær og hittum hina gömlu kempu að máli, þar sem hún sat og sötraði sinn uppáhaldslíkjör, Drambui. „Ég byrjaði sem natúralisti og enda líklega sem slíkur", sagði Eyjólfur er hann gekk með okkur um salinn. „Ég byrjaði að teikna áður en ég lærði að draga til stafs og líklega var ég farinn að teikna fyrir alvöru þegar ég var 10 ára, jarðskjálftaárið mikla, 1896, en helgaði mig málaralistinni algerlega árið 1914 og er því búinn að vera við í 61 ár og yfir 80 ár eru frá því að ég fékk fyrstu kveikjuna". Þegar ég var 22 ára gekk ég í teikniskóla hjá Stefáni Eiríkssyni hinum oddhaga í Reykjavík og var þar í þrjá vetur og svo stundaði ég listmálaranám hjá próf. E.O. Simonson í Dresden í Þýzkalandi á árunum 1923—24."

Við spurðum Eyjólf hvort hann væri farinn að hægja ferðina því að ekki var á honum að sjá eða heyra að aldurinn háði honum nokkuð. „Ég mála ekki lengur á hverjum degi, hef ekki gert það síðustu árin, en ég vinn alltaf eitthvað í hverri viku og stundum koma tarnir og ég mála upp í þrjár myndir á dag. Ég get ekki annað helmingnum af því sem fólk biður mig um og ég er alltaf að rekast á fólk á förnum vegi sem er að biðja mig um myndir.

— Nú ert þú mikill spíritisti, hefur það komið fyrir að þú hafir fundið fyrir einhverju slíku í listsköpun þinni?

— Já, ég hef upplifað ýmislegt. Eitt sinn sat ég við að mála á Listasafnsloftinu, við Matthías Þjóðminjavörður vorum góðir vinir og hann lét mér í té aðstöðu þar, og kunningi sat hjá mér. Allt í einu þýtur pensillinn úr hendi mér langt í burtu og kunningi minn spyr, hversvegna ég sé að grýta penslinum frá mér. Ég sagði honum að ég hefði ekki hent honum, en að þetta kæmi oft fyrir mig. Síðan gerðist það, að eitt sinn er ég var á miðilsfundi hjá Hafsteini, að Hafsteinn, sem ekkert kann í þýzku fer að tala til mín reiprennandi. Ég spyr hvort þarna sé á ferðinni prófessor Castelli og því er játað. Ég spurði hann þá hvort það væri hann sem slægi af mér pensilinn, og sagði hann svo vera. Hann sagðist fylgjast með mér og líklega hefur hann ekki verið ánægður með það sem ég var að gera", sagði Eyjólfur að lokum.



Listamaðurinn við eitt verka sinna, Tröllakirkju.


Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opin til 6. júlí frá kl. 16—22 virka daga og 14—22 um helgar.

Grafið í rústum frá víkingatíma

Í SUMAR á að ljúka við uppgröftinn í Miðbænum í leit að fornum minjum. Áður var lokið uppgreftri í Aðalstræti 14 og 18 en í sumar er haldið áfram vinnu í Suðurgötugrunninum. Sænski fornleifafræðingurinn Elsa Nordahl stjórnar verkinu, eins og hún hefur alltaf gert, en með henni vinna íslenzkir nemar í fornleifafræði og jarðfræðingur, Margrét Karlsdóttir, Byrjaði hópurinn vinnu í byrjun júní, en fyrstu vikurnar fóru í að hreinsa grunninn af því sem mokað var ofan á í fyrrahaust.

Fréttamaður Mbl. hitti Elsu Nordahl við vinnu sína í grunninum við Suðurgötu í gær. Hún sagði að þessi uppgröftur væri að því leyti athyglisverður að þarna væri komið niður á minjar frá tíma, sem ekki væri þekktur áður og þarna er m.a. elzti vísir að langhúsi. Ekki vildi hún tímasetja nákvæmlega, en sagði að þarna væru minjar frá því um 800—900. Minjarnar við Suðurgötu eru mun flóknari en á hinum stöðunum tveimur við Aðalstræti, þar sem aðeins var um einn bæ að ræða á hvorum stað og e.t.v. annan í Aðalstræti 14. En við Suðurgötu hefur hvert húsið verið byggt ofan í annað og liggja hvert ofan í öðru. Nú er komið niður á víkingatíma. En á þessum stað hefur sýnilega alltaf verið búið. Hvort þarna er bær Ingólfs Arnarsonar sjálfs er ekki hægt að svara, en bær hefur þar verið frá svipuðum tíma. Þarna í grunninum hefur m.a. fundizt öxi og glerperlur frá víkingatíma.

Meðfram Suðurgötunni, þar sem verið er að vinna, má sjá langhúsið frá elzta tíma, en ofan á því voru mörg vistlög. Meðfram langhúsinu í miðjum grunninum eru leifar af þykkum torfvegg, sem Elsa Nordahl sagði að ekki væri vitað hvað hefði verið. En austar eru leifar af smiðju og fleira. Þar í horni fannst í fyrra bygg. En frú Nordahl sagði að verst væri að ekki væri nú hægt að halda áfram uppgreftri þarna vegna bygginga beggja megin við.



Else Nordahl fornleifafræðingur stjórnar uppgreftrinum og er þarna við vinnu sína.



Margrét Karlsdóttir jarðfræðingur og nemar í fornleifafræði við uppgröftinn við Suðurgötu. Þau eru þarna að hreinsa frá eldstæði frá víkingatíma.

Bæjarstjórn Kópavogs:

Sigurður Helgason lætur af störfum

Á FUNDI bæjarstjórnar Kópavogs í gær baðst **Sigurður Helgason, fráfarandi forseti bæjarstjórnar,** lausnar frá störfum sem bæjarfulltrúi í Kópavogskaupstað, með tilvísun til 23. gr. bæjarmálasamþykktar kaupstaðarins. Fyrsti varafulltrúi Sjálfstæðisfl. í bæjarstjórn Kópavogs er **Bragi Mikkelsen.**

Sigurjón Hilaríusson (SFV) sagði efnislega: Er Sigurður Helgason, fráfarandi forseti okkar, lætur af störfum bæjarfulltrúa sjáum við á bak einum af hæfustu bæjarfulltrúum, er hér hefur setið í bæjarstjórn. Ég vil sérstaklega þakka honum heilbrigt samstarf við okkur, sem skipum minnihluta bæjarstjórnar, og sérstakan drengskap og háttvísi í forsetastörfum. Samstarf við slíkan mann sem Sigurð Helgason gerir hvern og einn að betri manni.

Magnús Bjarnfreðsson (F) þakkaði Sigurði frábær forsetastörf og ánægjulegt samstarf í samvinnu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks innan bæjarstjórnar Kópavogs. Allt starf hans í bæjarstjórn hefur einkennst af sáttfýsi og samstarfsviðleitni um hagsmunamál bæjarfélagsins. Á þá viðleitni hefur aldrei fallið neinn blettur. Ég þakka honum farsælt og frábært starf í bæjarstjórn, sagði Magnús Bjarnfreðsson.

Axel Jónsson (S) sagði 13 ára samstarf við Sigurð Helgason, í 20 ára sögu kaupstaðarins, hafa verið á einn og sama veginn, í senn farsælt og ánægjulegt. Mikill missir væri að slíkum drengskaparmanni úr bæjarstjórn Kópavogs. Þetta samstarf vildi hann þakka nú, en bæjarfulltrúastarf Sigurðar **Helga**sonar, sem fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, yrði þakkað á **öðrum** vettvangi.

Ólafur Haraldsson (A) sagðist taka undir töluð orð í garð **fráfar**andi forseta. Hann sagðist **sér**staklega minnast þess **hve, hlý**lega Sigurður hefði tekið sér sem nýliða í bæjarstjórn fyrir **rúmu** ári síðan. Afstaða Sigurðar, **sem**



Sigurður Helgason, fráfarandi forseti bæjarstjórnar Kópavogs.

forseta og bæjarfulltrúa **í meiri**hluta bæjarstjórnar, **til tillagna** og málflutnings þeirra **minni**hlutamanna hefði verið **til fyrir**myndar, sem þakka **bæri sérstak**lega.

Björn Ólafsson (K), sagðist vart viðbúinn því, að **þakka Sig**urði Helgasyni sem **vert væri.** Hann vildi þó taka **undir öll orð,** sem til hans hefðu verið **mælt við** þetta tækifæri. **Sigurður hefði** reynst drenglyndur **pólitískur** andstæðingur, sem unnið **hefði af** heilindum í bæjarstjórn og stuðlað að góðu samstarfi **í bæjar**stjórninni.

Forseti bæjarstjórnar **Kópavogs** var síðan kjörinn **Jóhann H. Jónsson (F),** 1. varaforseti **Ólafur Jónsson (K)** og 2. varaforseti **Axel Jónsson (S).**

Í bæjarráð Kópavogs voru kjörnir: **Stefnir Helgason (S), Ríkharður Björgvinsson (S), Magnús Bjarnfreðsson (F), Björn Ólafsson (K)** og **Ólafur Haraldsson (A).**

Afhending prófskírteina við HÍ

AFHENDING prófskírteina til kandídata fer fram við athöfn í hátíðarsal Háskólans í dag, laugardag, og hefst kl. 14 Þar mun Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor ávarpa kandídata og deildarforsetar afhenda prófskírteini. Frú Ruth Magnússon syngur nokkur lög við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar, segir í frétt frá Háskóla Íslands.